

Fundargerð:

Samstarfsnefnd um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Samstarfsnefnd um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til fundar þann 5. mars 2026 kl. 11:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG, sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Staða verkefna

Farið yfir stöðu verkefna við undirbúning íbúakosninganna 14.-28. mars nk.

- Sameiginleg kjörstjórn hefur fundað og farið yfir verkefni.
- Kjörstjórnir hafa verið boðaðar til fundar föstudaginn 6. mars nk.
- Kjörskrár hafa verið lagðar fram og yfirfarnar af fulltrúum sveitarfélaganna.
- Kjörseðlar hafa verið staðfestir af ráðuneyti og sendir til prentunar.
- Ósk um kjörkassa og innsigli hefur verið send á yfirkjörstjórn.
- Íbúafundir hafa verið auglýstir.

2. Efni fyrir íbúafundi 9. mars nk.

Finnur mun tala við Vegagerðina um snjómokstur á mánudag vegna íbúafunda. Fylgst verður með veðri og færð að morgni 9. mars nk.

Farið yfir kynningarefni fyrir íbúafundina sem haldnir verða mánudaginn 9. mars nk. og það uppfært samkvæmt ábendingum nefndarmanna.

Ákveðið að Jón Hrói flytji kynninguna og að fulltrúar sveitarfélaganna fái orðið að henni lokinni. Að því loknu verður opnað á fyrirspurnir og umræður.

Fundirnir verða sendir út á Teams.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:40.